



Lækjarskóli

Ábergi - Víðing - Örvaggi

Upplýsingar um nám í 9. bekk í Lækjarskóla skólaárið 2014 - 2015

Námsefni í 9. bekk skiptist í kjarnagreinar og frjálst val

Kjarni er skyldunámsefni allra nemenda í 9. bekk. Í honum skiptast kennslustundir á eftirfarandi hátt:

Íslenska	6 kennslustundir á viku
Stærðfræði	6 kennslustundir á viku
Danska	3 kennslustundir á viku
Enska	4 kennslustundir á viku
Íþróttir/sund	3 kennslustundir á viku
Náttúrufræði	3 kennslustundir á viku
List- og verkgreinar (kenndar í smiðjum: heimilisfr., hönnun og smíði, myndmennt, textílmennt)	2 kennslustundir á viku
Sviðslistir	1 kennslustund á viku
Samfélagsfræði /lífsleikni	3 kennslustundir á viku
Upplýsinga og tæknimennt	1 kennslustund á viku
Kjarni samtals:	32 kennslustundir.

Frjálst val þessu til viðbótar velja nemendur sér a.m.k. **5 stundir í frjálstu vali** þannig að heildartímafjöldinn verði um **37 kennslustundir á viku.**

Hafið það hugfast, að valgreinarnar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og skyldugreinarnar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni.

Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í valgrein í frjálstu vali þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. **Val nemenda hefur áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða**

breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst í haust.

Þess vegna er mjög áriðandi:

1. að nemendur íhugi mjög vandlega hvaða valgreinar þeir álíta að henti þeim best,
2. að nemendur færast ekki meira í fang en líkur eru á að þeir ráði við,
3. að þeir ráðfæri sig við foreldra sína og kennara áður en þeir ganga endanlega frá valinu.

Ef hagkvæmt reynist og ef það auðveldar skólanum að halda uppi fjölbreyttu vali þá munu nemendur í 9. og 10. bekk sækja saman tíma í sumum valgreinum.



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“. Dæmi um skipulagt nám og íþróttaiðkun sem skólastjórn Lækjarskóla mun samþykkja að meta til valgreina er: skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun, s.s. samkvæmisdans, fótolti, handbolti, karate, skylmingar, fimleikar og hestaíþróttir. Einnig er samþykkt listnám eins og ballett, myndlist og leiklist.

Hver grein utan skóla jafngildir 2 kennslustundum á viku í vali. Hver nemandi getur fengið mest metnar 4 kennslustundir á viku stundi hann utan skóla nám/íþróttir í tveimur aðskildum greinum.

Nemendur sem hyggjast fá ofangreint metið þurfa að merkja sérstaklega við það á valblaði sínu þegar þeir velja fyrir komandi skólaár. Síðan þurfa þeir að skila til skrifstofu skólans staðfestingu frá viðkomandi skóla/íþróttafélagi í síðasta lagi fyrir 10. september 2014.

Eyðublað fyrir staðfestingu verður afhent við skólabyrjun í ágúst 2014



Valgreinar í boði árið 2014 – 2015

Alfræði - Nema hvað?

2 stundir á viku.

Ef þú hefur áhuga á spurningaleikjum og spurningakeppnum þá er þetta valið fyrir þig. Við skemmtum okkur og öðrum í fjörugum leik þar sem þekkingin er í aðalhlutverki. Aðaláherslan á leiki og spurningakeppnir. Ýtt verður undir heilbrigðan keppnisanda og liðsheild sem lykil að árangri.

Atburðastjórnun

2 stundir á viku.

Nemendur fá að kynna því hvernig atburðir eru skipulagðir, farið verður í heimsókn, t.d. í Fjölbrautarskólann í Garðabæ þar sem fylgst verður með undirbúningi fyrir tiskusýningu nemenda á textilbraut. Einnig verður farið í heimsókn í fyrirtæki sem sérhæfir sig í atburðarstjórnun.

Í þessum valáfanga munu nemendur einnig leita leiða til að skipuleggja fjáraflanir fyrir 9. og 10. bekk og halda utan um þær. Þessi valáfangi verður kenndur í lotum.

Markmið: Skipulagning og utanumhald, virkja nemendur til að vera með.

Námsmat: Vinna, ástundun og virkni nemandans er metin

Boltaíþróttir

2 stundir á viku.

Hér er fullt að gerast, spilaðar hinar ýmsu boltagreinar eins og fótþolti, körfubolti, handþolti og blak.

Einnig verður farið í aðrar íþróttagreinar eins og badminton og golf. Kjörrið tækifæri til þess að kynna/spila skemmtilegar íþróttagreinar og fá smá útrás.

Námsmat. Mæting og virkni í tímum.

Enska - ritun

2 stundir á viku.

Námskeiðið er kennt bæði fyrir og eftir áramót. Hægt er að vera heilan vetur eða hálfan. Hver nemandi getur valið sér hvort hann vinnur að útgáfu skólablaðs eða velur sér önnur ritunarefni.

Lögð er áhersla á skemmtileg og fræðandi blöð. Hugmyndin með að gefa út skólablað á ensku er að það verði þáttur í að kynna skólann okkar fyrir áhugasömum gestum og vinum erlendis. Enska orðin mest talað annað tungumál heimsins og sem slík alveg nauðsynleg fyrir alþjóðleg samskipti.

Ritunarverkefni námskeiðsins eru ákveðin af hópnum sjálfum. Kennarinn kynnir fjölda skemmtilegra verkefna sem flest tengjast skapandi ritun, upplýsingaleit á netinu eða kvikmyndaáhorfi, nemendur ræða málin og greiða svo atkvæði um forgangsverkefni. Áhersla er lögð á að kennarinn gefi leiðandi og fræðandi endurgjöf sem nemendur nota til að bæta ritun sína.

Námsmat: Vinna, ástundun og virkni nemandans er metin

Heimanámsaðstoð

2 stundir á viku.

Nemendur geta unnið við sitt heimanám undir handleiðslu kennara og fengið aðstoð við stærri verkefni.



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Leiklist - Gaflaraleikhúsið

Kennslustaður: Gaflaraleikhúsið Strandgötu 50.

Tími: 2 klukkustundir 1x í viku á miðvikudögum í um 20 vikur (sept.-apríl), á bilinu kl. 16-20.

Leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs með áherslu á tjáningu, spuna og leikframkomu. Æfðir stuttir leikþættir. Innifaldar eru heimsóknir á æfingar/sýningar hjá leikhúsum og leikhópum), Lýkur með opinni æfingu sem verður opin aðstandendum og skóla.

Til viðbótar ofangreindum kennslustundum geta komið til heimsóknir í leikhús, þátttaka í leikatriðum, leiksýningar og foreldrafundir.

Líkamsrækt/Skólahreysti

2 stundir á viku.

Skólahreysti byggir á grunnþjálfun fyrir greinarnar sem skólahreystikeppni grunnskólanna byggir á. Nemendur kynna mikilvægi þess að stunda heilsusamlega hreyfingu og lifa heilbrigðu lífi.

Hópþjálfun í þróttá- og/eða tækjasal og utanhúss, tækniþjálfun og æfingaáætlanir. Kennari kennir á tækni og fylgist með að æfingar séu rétt framkvæmdar. Inn í þetta kemur næringarráðgjöf, mælingar á líkamsástandi og kennsla í heilbrigðu og hollu líferni. Þessi hópur er einnig hugsaður sem mögulegur undirbúningshópur fyrir skólahreystikeppni.

Lopapeysan mín.

2 stundir á viku.

Að þrjóna er gaman. Áhersla lögð á að nemendur læri að lesa og vinna með þrjónauppskriftir, verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og byggi ofan á þá þekkingu og færni sem þeir hafa öðlast í textílmennt. Markmiðið er að nemendur þrjóni lopapeysu eftir uppskrift. Nemendur fá lopa í eina peysu en þurfa sjálfir að koma með þrjóna.

Námstækni

1 stund á viku.

Námstækni: Markmið með efninu er að hjálpa nemendum að finna út hvernig námsmenn þeir eru og hvaða þætti þeir þurfa að efla hjá sjálfum sér til að verða betri námsmaður.

Þættir sem verða teknir fyrir: Námshringur, lestrartækni, minnistækni, markmiðasetning og tímastjórnun, glósutækni, lífshættir, prófundirbúningur og próftaka.

Slökun

1 stund á viku.

Kynntar verða mismunandi aðferðir í átt til slökunar. Má þar nefna notkun slökunartónlistar, leidda slökun, öndun o.fl. Markmiðið er að nemendur upplifi slökun á líkama, huga og sál.

Það hefur sýnt sig að slökun eykur einbeitingu og vellíðan.

Stuttmyndagerð

2 stundir á viku.

Þetta námskeið verður kennt tvisvar yfir veturinn, (ákveðið að hausti hvort nemandi verður fyrir eða eftir áramót). Í námskeiðinu vinna nemendur í hópum þar sem aðaláhersla verður á handritagerð og storyboard. Nemendur verða að geta unnið bæði sjálfstætt og svo í samvinnu við aðra nemendur.

Áfanginn mun svo enda með því að nemendur búa til stuttmynd úr því handriti sem þeir hafa gert.

Námsmat byggist á vinnubrögðum, handritagerð og stuttmynd.



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Stærðfræði, upprifjun.

2 stundir á viku.

Rifjuð verða upp atriði úr stærðfræðinámsefni 7. 8. bekkja og þau kennd sem þurfa þykir. Jafnframt veittur stuðningur við heimanám í stærðfræði 9. bekkjar. Hér gefst þeim sem áhuga hafa og vilja tækifæri til þess að bæta úr ýmsu sem miður hefur farið í stærðfræðinámi þeirra á undanförunum árum.

Trió.

2 stundir á viku

Boðið verður upp á þrjár annir í ólíkum fögum í þessu valfagi sem kallast Trió.

1. September, október, nóvember verður farið í grunnatriði í fjármálalæsi og skipulag í fjármálum.
Nemendur fá kynningu á hvernig sparnaður virkar og hve nauðsynlegt er að skipuleggja peningamálin til framtíðar. Farið verður með nemendur í heimsókn til sérfræðinga þar sem farið verður yfir stöðu mála á Íslandi í dag.
2. Desember, janúar, febrúar verður námskeið í lýðheilsufræðum og hvernig við sjálf getum með góðu líferni unnið að því að eiga gott líf andlega og líkamlega.
3. Mars, apríl og maí verður námskeið í ræðumennsku og framsögn. Nemendur fara í heimsókn með kennara til JC þar sem þeir fá kynningu á þessum fræðum.

Unglingakór – Sönghópur

2 stundir á viku allan veturinn.

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að syngja ýmis lög, popplög, lög úr söngleikjum, og rödduð lög fyrir kór. Sungið verður með léttum undirleik, búnar til raddir og spáð í útsetningar á hverju lagi fyrir sig. Löggin verða valin af hópnum.

Útivist – leiðsögunám

2 vikustundir að jafnaði

Nemendur læri grundvallar atriði í sambandi við útivist, hópstjórnun og að njóta og leika sér utan dyra. Farið verður í styttri og lengri ferðir og þar af ein ferð með gistingu. Flestar ferðirnar eru þó ekki lengri en það að nemendur fara á reiðhjólum eða í strætó. Í einni ferðinni fá nemendur það verkefni að segja hópnum frá tilteknum stað eða byggingu á leið hópsins og að leiðbeina honum að næsta áfangastað.

Nemendur fræðast um fuglalíf, gróður, jarðfræði og sögu. Nemendur semja bækling um nærumhverfi Lækjarskóla. Mjög lítill hluti námsins fer fram innan veggja skólans (aðeins vinnan að bæklingnum). Nemendur þurfa að eiga (eða hafa aðgang) að góðu reiðhjóli og hjálmi og eiga hlý útivistarföt til að geta klæðst eftir aðstæðum hverju sinni.

Val utan skóla

2 stundir á viku.

Hægt er að fá annað nám metið sem valgrein, t.d. skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun, dans, fimleikar, dans, félagsmál.

Nemendur verða að gera samning og skila inn staðfestingu um námið undirrituðum frá viðkomandi skóla/íþróttafélagi og forráðamönnum fyrir 10. sept. 2014

